

GJALDSKRÁ

fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvinnuvéla, vinnuvéla, búvéla, lyftna, eimkatla og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum samkvæmt gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukapjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir skráningu og reglubundnar skoðanir farandvinnuvéla, vinnuvéla, lyftna, eimkatla og annarra tækja og þjónustu sem og útgáfu skírteina sem tilgreind er í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 715.

Fyrir aukaskoðun sem þarf að framkvæma vegna vanbúnaðar sem kemur í ljós við reglubundna skoðun eða vanrækslu á að tilkynna um úrbætur skal greiða 75% af gjaldi reglubundinnar skoðunar.

Fari fram reglubundin skoðun á farandvinnuvélum, vinnuvélum, lyftum, eimkötum eða öðrum tækjum utan reglulegs vinnutíma samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis greiðist 50% álag á skoðunargjald skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur hliðstæð þjónusta framkvæmd utan reglulegs vinnutíma samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis eða skips skal hann greiða þann kostnað sem af slíku hlýst.

3. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann kostnað sem af mælingum hlýst samkvæmt samkomulagi við forstjóra Vinnueftirlits ríkisins.

4. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum Vinnueftirlitsins um meðferð og stjórnun vinnuvéla (frumnámskeið), um meðferð og stjórnun byggingakrana og um meðferð sprengiefna skulu þátttakendur greiða gjöld sem forstjóri Vinnueftirlitsins ákveður með hliðsjón af kostnaði við framkvæmd hvers námskeiðsflokks fyrir sig.

5. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar. Önnur gjöld innheimtir Vinnueftirlitið og getur það krafist greiðslu áður en þjónusta er látin af hendi.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá með sama heiti nr. 181/1995 ásamt auglýsingu nr. 122, dags. 15. febrúar 1996 um breytingu á þeirri sömu gjaldskrá.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. júlí 1996.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I.

Yfirlit yfir gjaldskylda tækjaflokka og þjónustu, ásamt gjaldeiningum hvers flokks.

| Flokkur | Tækjaheiti/Þjónusta | Gjaldeiningar |
|---------|---|---------------|
| 1. AB | Byggingakranar (turnkranar) > 18 tm | 15.2 |
| 2. AH | Hafnarkranar, íónaðarkranar > 18 tm | 15.2 |
| 3. BB | Grindarbómukranar á beltum > 18 tm | 15.2 |
| 4. BG | Grindarbómukranar á hjólum > 18 tm | 15.2 |
| 5. BH | Hleðslukranar > 18 tm | 7.6 |
| 6. BS | Vökvakranar með skotbómu > 18 tm | 13.2 |
| 7. CA | Hafnarkranar < 18 tm | 6.0 |
| 9. CB | Brúkranar | 10.0 |
| 8. CD | Hlaupakettir, talíur og vöruvindur | 6.0 |
| 10. CI | Íónaðarkranar < 18 tm | 5.0 |
| 11. DA | Farandkranar < 18 tm | 10.2 |
| 12. DK | Körfukranar | 7.6 |
| 13. DS | Stey pudælu kranar | 7.6 |
| 14. EA | Gröfur á hjólum m/360° snúningi | 7.0 |
| 15. EB | Gröfur á beltum | 7.0 |
| 16. EH | Gröfur á hjólum (traktorsgröfur) | 7.0 |
| 17. EK | Gröfur á hjólum, ekki fyrir umferð | 7.0 |
| 18. FB | Beltaskóflur | 7.0 |
| 19. FH | Hjólaskóflur | 7.0 |
| 20. GB | Jarðýtur | 5.0 |
| 21. GS | Borvagnar, stærri gerð | 7.0 |
| 22. HV | Vegheflar | 7.0 |
| 23. IA | Dráttartæki á flugvöllum | 4.0 |
| 24. IB | Sópar, snjóplógar, snjóblásarar | 4.0 |
| 25. ID | Dráttarvélar með tækjabúnaði | 6.0 |
| 26. II | Sérbúnar vinnuvélar í iðjuverum | 5.0 |

| Flokkur | Tækjaheiti/Þjónusta | Gjaldeiningar |
|---------|--|---------------|
| 27. IM | Gröfur, ámokstursskóflur, minni gerð | 6.0 |
| 28. IS | Snjótroðarar | 6.0 |
| 29. IT | Dráttartöggar | 5.0 |
| 30. JF | Lyftitæki fjölnotatæki < 6 tm lyftigeta | 5.0 |
| 31. JL | Lyftarar < 10 t lyftigeta | 4.0 |
| 32. JV | Lyftiverkpallar á flugvöllum | 6.0 |
| 33. KG | Lyftarar > 10 t lyftigeta | 7.0 |
| 34. KL | Lyftitæki, fjölnotatæki > 6 tm lyftigeta | 7.0 |
| 35. LS | Valtarar, sjálfkeyrandi | 5.0 |
| 36. MM | Malbikunarvélar, fræsarar, sjálfkeyrandi | 4.0 |
| 37. NB | Bílalyftur | 7.6 |
| 38. NF | Fólkslyftur | 7.6 |
| 39. NF | Fólkslyftur - Úttekt á uppsetningu | 11.6 |
| 40. NG | Fólks- og vörulyftur | 7.6 |
| 41. NG | Fólks- og vörulyftur - Úttekt á uppsetningu | 11.6 |
| 42. NH | Hjólástólalyftur | 4.6 |
| 43. NM | Þjónustulyftur, burðargeta < 100 kg | 4.6 |
| 44. NR | Rúllustigar | 6.6 |
| 45. NV | Vörulyftur | 6.6 |
| 46. NV | Vörulyftur, úttekt eftir uppsetningu | 10.6 |
| 47. NL | Lyftur sérstakrar gerðar | 7.6 |
| 48. OB | Togbrautir fyrir skíðafólk | 9.7 |
| 49. OS | Stólalyftur | 33.4 |
| 50. OT | Toglyftur | 14.7 |
| 51. PH | Hleðslukranar < 18 tm | 4.5 |
| 52. RB | Borvagnar, minni gerð | 5.0 |
| 53. RM | Jarðborar, minni gerð | 5.0 |
| 54. RS | Jarðborar, stærri gerð | 15.2 |
| 55. SA | Valtarar, sópar, plógar, blásarar o.fl. dregin tæki | 2.5 |
| 56. SB | Lyfti- og vökvabúnaður ökutækja | 6.0 |
| 57. SD | Flutningatæki | 4.5 |
| 58. SE | Vélar tengdar ökutæki, minni gerð | 2.0 |
| 59. SF | Brjótur | 3.0 |
| 60. SH | Hörpur | 3.0 |
| 61. SI | Stórar hringekjur, stærri tæki | 13.5 |
| 62. SJ | Litlar hringekjur, minni tæki | 7.5 |
| 63. SK | Leiktæki, minni gerð | 3.0 |
| 64. SL | Leiktæki, minnsta gerð | 1.5 |
| 65. VA | Gámarammar | 4.0 |
| 66. VB | Lyftiverkpallar < 150 kg lyftigeta | 2.0 |
| 67. VD | Brettaskápar, heróatré | 3.0 |
| 68. VH | Körfur til að hífa fólk og lyfta fólki | 2.5 |
| 69. VL | Lyftiverkpallar > 150 kg lyftigeta og byggingalyftur | 8.6 |
| 70. VP | Hengiverkpallar | 8.6 |
| 71. ZA | Eimkatlar 1, stórskoðun | 8.5 |
| 72. ZA | Eimkatlar 1, ársskoðun | 4.5 |
| 73. ZB | Eimkatlar 2, stórskoðun | 12.0 |
| 74. ZB | Eimkatlar 2, ársskoðun | 5.5 |

| Flokkur | Tækjaheiti/Þjónusta | Gjaldeiningar |
|---------|---|---------------|
| 75. ZD | Eimkatlar 3, stórskoðun | 20.0 |
| 76. ZD | Eimkatlar 3, ársskoðun | 13.0 |
| 77. ZE | Eimkatlar 4, stórskoðun | 32.5 |
| 78. ZE | Eimkatlar 4, ársskoðun | 21.5 |
| 79. ZF | Vatnshitunarkerfi | 3.2 |
| 80. ZG | Neysluvatnshylki | 1.1 |
| 81. | Gasmæling, 1. geymir | 4.0 |
| 82. | Gasmæling, hver geymir umfram fyrsta | 1.5 |
| 83. | Vottun á þrýstiraun | 4.0 |
| 84. | Átaksprófanir 0-2999 kg | 2.7 |
| 85. | Átaksprófanir 3000-10000 kg | 3.6 |
| 86. | Átaksprófanir yfir 10000 kg | 5.3 |
| 87. | Verklegt próf á vinnuvél | 2.5 |
| 88. | Verklegt próf í notkun sprengiefna | 8.0 |
| 89. | Útgáfa skirteina til stjórnunar farandvinnuvéla | 2.4 |
| 90. | Endurútgáfa skirteina til stjórnunar farandvinnuvéla og færslu nýrra réttinda | 1.2 |
| 91. | Skráning vinnuvélar | 2.7 |
| 92. | Eigendaskipti vinnuvéla | 1.6 |
| 93. | Útgáfa ADR - bráðabirgðavottorð um starfsþjálfun | 4.0 |

Nr. 434

27. júlí 1996

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 616/1995 um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar.

Við 9. gr., Ýmis ákvæði, bætist 4. töluliður sem orðist svo:

4. Kranar sem reglugerð þessi gildir um skulu vera þannig búnir eða frá þeim gengið að óviðkomandi geti ekki gangsett þá.

Við 11. gr., Ákvæði til bráðabirgða, bætist nýr liður sem orðist svo:

Vinnueftirlit ríkisins getur í einstökum tilfellum veitt lengri frest en kveðið er á um í reglum þessum til að koma fyrir tilskyldum öryggisbúnaði í krönum. Skilyrði fyrir fresti er að eigandi eða umráðamaður viðkomandi krana sendi Vinnueftirliti ríkisins umsókn um frest ásamt staðfestingu á pöntun öryggisbúnaðar og tímasetta áætlun um ísetningu hans. Ekki er heimilt að veita lengri frest en til 31. desember 1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. júlí 1996.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.